



Fréttatilkynning
27 November 2023 16:20:00 GMT

S&P hækkar lánshæfiseinkunn útgáfuramma Íslandsbanka fyrir sértryggð skuldabréf í A+ með stöðugum horfum

S&P Global Ratings (S&P) hækkaði í dag lánshæfismat fyrir útgáfuramma Íslandsbanka fyrir sértryggð skuldabréf og útistandandi skuldabréf úr A með jákvæðum horfum í A+ með stöðugum horfum.

Breytingin kemur í kjölfar hækkunar S&P á lánshæfismati íslenska ríkisins í A+ úr A, sem tilkynnt var um 10. nóvember 2023.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

S&P hækkar lánshæfiseinkunn útgáfuramma Íslandsbanka fyrir sértryggð skuldabréf í A+ með stöðugum horfum

Rating Raised OnThree Icelandic CB Programs Following Similar Action On Iceland Outlooks Revised To Stable Nov 27 2023